# Saman gegn sóun

*Viðauki við almenna stefnu um úrgangsforvarnir 2016 - 2027*

*2. útg., mars 2021*

# Viðauki

## A) Matvæli

1. Umfang matarsóunar í hverjum hlekk virðiskeðju matvæla, að meðaltali á hvern íbúa á Íslandi.

| | Frumframleiðsla | Matvælavinnsla og -framleiðsla | Smásala og önnur dreifing matvæla | Veitingasala og -þjónusta | Heimili[1] |
|---|---|---|---|---|---|
| **2019** | Gögn eru ekki aðgengileg. | Gögn eru ekki aðgengileg. | Gögn eru ekki aðgengileg. | Gögn eru ekki aðgengileg. | 20 |
| **2016** | Gögn eru ekki aðgengileg. | Gögn eru ekki aðgengileg. | Gögn eru ekki aðgengileg. | Gögn eru ekki aðgengileg. | 23 |

**Tafla 1: Magn matarsóunar í hverjum hlekk virðiskeðjunnar í kílógrömmum á íbúa á ári.[2]**

**Markmið:** Að draga úr matarsóun um 30% árið 2025 í hverjum hlekk virðiskeðjunnar og að draga úr matarsóun um 50% árið 2030 í hverjum hlekk, miðað við matarsóun árið 2021.

[1] Umfangið tekur til nýtanlegra matvæla. Ekki eru talin með ónýtanleg matvæli og vökvar sem hellt er í niðurföll.

[2] Sundurliðun virðiskeðju matvæla í fimm hlekki er í samræmi við ákvæði ákvörðunar (ESB) 2019/1597, sem kveður á um samræmda aðferðafræði við rannsóknir á umfangi matarsóunar. Umhverfisstofnun hefur í tvígang gert rannsóknir á umfangi matarsóunar í allri virðiskeðjunni, eða árin 2016 og 2019. Þrátt fyrir það hefur ekki reynst mögulegt að afla áreiðanlegra gagna um umfang matarsóunar í öðrum hlutum virðiskeðjunnar en á heimilum. Með innleiðingu tilskipunar (ESB) 2018/851 verður komið á árlegum rannsóknum hér á landi á umfangi matarsóunar í þeim fimm hlekkjum virðiskeðjunnar sem sýndir eru í töflunni.

## B) Plast

1. Magn plastumbúða sem hver íbúi á Íslandi notar á ári, að meðaltali.




**Mynd 1: Magn plastumbúða sem hver íbúi notar á ári, að meðaltali.**

**Markmið:** Að magn plastumbúða fari ekki yfir 30 kg/íbúa á ári.

2. Fjöldi burðarplastpoka sem hver íbúi á Íslandi notar á ári, að meðatali.




**Mynd 2: Fjöldi burðarplastpoka sem hver íbúi notar á ári, að meðaltali.**

**Markmið:** Að fjöldi burðarplastpoka fari ekki yfir 40 poka/íbúa á ári, árið 2025.

## C) Textíll

1. Magn textíls og skófatnaðar sem hver íbúi á Íslandi losar sig við á ári, að meðaltali.




**Mynd 3: Magn textíls og skófatnaðar sem hver íbúi losar sig við á ári, að meðaltali.**

**Markmið:** Að magn textíls og skófatnaðar fari ekki yfir 10 kg/íbúa á ári.

## D) Fisk- og sláturúrgangur

1. Hlutfall fiskúrgangs af fiskafla sem er unninn á Íslandi.




**Mynd 4: Hlufall fiskúrgangs af þeim fiskafla sem unninn er í landi.**

**Markmið:** Að lækka úrgangshlutfall niður í 0,18%.

2. Hlutfall sláturúrgangs af kjötframleiðslu á Íslandi.




**Mynd 5: Hlutfall sláturúrgangs af heildarkjötframleiðslu.**

**Markmið:** Að lækka úrgangshlutfall niður í 30%.

## E) Drykkjarvöruumbúðir

1. Fjöldi skilagjaldsskyldra drykkjarvöruumbúða sem hver íbúi á Íslandi notar á ári, að meðaltali.




**Mynd 6: Fjöldi skilagjaldsskyldra drykkjarvöruumbúða sem hver íbúi notar að meðaltali á ári.**

**Markmið:** Að árið 2027 noti hver íbúi ekki fleiri en 400 skilagjaldsskyldar drykkjarvöruumbúðir á ári.

## F) Ál- og kísilmálmframleiðsla

1. Hlutfall rekstrarúrgangs af heildarframleiðslu á áli og kísilmálmi.




**Mynd 7: Hlutfall rekstrarúrgangs af heildarframleiðslu á áli og kísilmálmi.**

**Markmið:** Hlutfall rekstrarúrgangs af heildarframleiðslu á áli og kísilmálmi verði 14%.